



Fréttatilkynning
19 November 2025 15:11:00 GMT

EKKI TIL ÚTGÁFU, BIRTINGAR EÐA DREIFINGAR TIL BANDARÍKJANNA EÐA YFIRRÁÐASVÆÐA ÞESS (Þ.Á.M PÚERTÓ RÍKÓ, BANDARÍSKU JÓMFRÚAREYJAR, GVAM, BANDARÍSKA SAMÓA, VARSÍMAEYJAR EÐA NORÐUR-MARÍANAHEYJAR) EÐA HVERRAR ÞEIRRAR LÖGSÖGU ÞAR SEM HIÐ SAMA TELDIST BROT Á LÖGUM VIÐKOMANDI LÖGSÖGU.

Íslandsbanki hf.: Niðurstöður endurkaupatilboðs skuldabréfa sem telja til viðbótar eiginfjárbáttar 1 (AT1)

Íslandsbanki hf. tilkynnir í dag um niðurstöðu endurkaupatilboðs til eigenda 750 milljón sænskra króna skuldabréfaútgáfu án lokagjalddaga (e. perpetual), sem flokkast sem viðbótar eiginfjárbáttur 1 (e. AT1) (ISIN: XS2390396427) gegn greiðslu reiðufjár (hér eftir endurkaupatilboðið).

Endurkaupatilboðið var tilkynnt 17. nóvember 2025 og var háð þeim skilmálum og skilyrðum sem er að finna í endurkaupatilboðslýsingunni (e. Tender Information Document) sem dagsett er 17. nóvember 2025 sem bankinn gaf út.

Bankanum bárust gild tilboð að upphæð 362 milljóna sænskra króna og voru þau öll samþykkt. Gert er ráð fyrir að uppgjör endurkaupatilboðsins fari fram þann 25. nóvember 2025, samhliða uppgjöri á nýrri útgáfu bankans sem telur til viðbótar eiginfjárbáttar 1 (e. AT1), sem tilkynnt var um í gær.

Umsjónaraðilar (e. Dealer Managers) með endurkaupunum voru DNB Carnegie, Nordea Bank Abp and Swedbank AB.

Frekari upplýsingar veita:

Fjárfestatengsl - Bjarney Anna Bjarnadóttir, ir@islandsbanki.is

MAR legend - Tender offer

Þessi tilkynning er birt af Íslandsbanka hf. og inniheldur upplýsingar sem töldust eða kunna að hafa talist innherjaupplýsingar í skilningi 7. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og Ráðsins (ESB) nr. 596 /2014 um markaðssvik (MAR), sbr. lög nr. 60/2021, um aðgerðir gegn markaðssvikum, sem innihalda upplýsingar tengdar endurkaupatilboðinu sem lýst er hér að ofan. Tilkynning þessi er gerð af Ellerti Hlöðverssýni, fjármálastjóra Íslandsbanka hf., í samræmi við upplýsingaskyldu bankans samkvæmt MAR og 2. gr. framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EU) 2016/1055.

Viðhengi

[Íslandsbanki hf.: Niðurstöður endurkaupatilboðs skuldabréfa sem telja til viðbótar eiginfjárbáttar 1 \(AT1\)](#)